

Minnisblað fyrir fund stjórnvalda um tekjuskattskerfið og jöfnuð

24. maí 2018

Á síðustu árum hafa kjarasamningar skilað töluverðum launahækkunum og auknum kaupmætti til launafólks. Þá er jöfnuður mikill á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Töluverð áhersla hefur verið lögð á hækkun lægstu launa í síðustu kjarasamningum. Þrátt fyrir þetta hefur verið hávær umræða um slæm kjör tekjulægstu hópanna, og ekki að ástæðulausu. Skerðingar í tilfærslukerfinu og aðrir þættir gera það að verkum að staða fjölda fólks hefur ekki batnað jafn mikið og virðist við fyrstu sýn.

Uppsetning tekjuskattskerfisins er með þeim hætti að með hærri launum hækkar það hlutfall launa sem fer í skatta. Enn frekar skiptir máli að barnabætur og vaxtabætur hafa ekki hækkað í takti við þróun launa síðustu ár. Fjárhæðir barnabóta hafa hækkað en skerðingarhlutföllin einnig þannig að mun færri fjölskyldur fá barnabætur. Helstu fjárhæðir vaxtabóta hafa haldist óbreyttar frá árinu 2010. Á sama tíma hefur verðlag hækkað um 22%, laun um 64% og íbúðarverð um 51,5%. Því er ljóst að fjárhæðir vaxtabóta hafa ekki hækkað í takti við þróun verðlags, launa og íbúðarverðs og skerðingarnar því mun meiri en áður og ná nú til lægri tekjuhópa en áður.

Miklar hækkanir íbúðaverðs og leiguverðs hafa aukið mjög á ójöfnuð á Íslandi. Fólk sem á eigið húsnæði er nú oft efnaðra en áður. Hjá þeim hefur húsnæðiskostnaður í mörgum tilvikum lækkað vegna lækkunar vaxta og uppgreiðslu lána. Raunverulegur kaupmáttur þeirra hefur því aukist umfram launahækkanir. Leigjendur hafa setið eftir. Miklar hækkanir húsaleigu hafa étíð upp launahækkanir auk þess sem hækkun íbúðaverðs gerir það að verkum að enn erfiðara er að eignast eigið húsnæði. Þessi hópur hefur setið eftir í núverandi uppsveiflu. Því er nauðsynlegt að halda áfram að efla fasteignafélög líkt og Bjarg íbúðafélag sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða.

Jöfnuður er jafnréttismál. Núverandi fyrirkomulag fæðingarorlofsmála gerir láglaunafjölskyldum erfitt fyrir og ýtir þannig undir ójöfnuð. Í mars 2016 skilaði starfshópur tillögum um framtíðarfyrirkomulag í fæðingarorlofsmálum. Hópurinn lagði til að fæðingarorlof yrði lengt í 12 mánuði og hámarksgreiðslur hækkaðar í 600.000 kr. sem þarf að uppreikna fyrir árið 2018 og eru þá 645.000 kr. Ríkisstjórnin hefur nú lagt fram fjármálaáætlun þar sem stefnt er að hækkun hámarksgreiðslna í 600.000 kr. Mikilvægt er að lengja fæðingarorlofið líka til að vinna á því umönnunarbili sem myndast frá fæðingarorlofi þar til börnin komast í dagvistunarræði og til að tryggja jafnari skiptingu mæðra og feðra á fæðingarorlofstöku. Miðað við núverandi réttindi í fæðingarorlofi taka 26% feðra ekkert fæðingarorlof en þeir sem það gera taka að meðaltali 2,5 mánuði. Mæður taka hins vegar að jafnaði sex mánuði auk þess að axla í langflestum tilvikum ábyrgðina á því að brúa umönnunarbilið. Konur eru því um fjórfalt til fimmfalt lengur frá vinnumarkaði en karlar. Það bitnar á launum og starfsþróunarmöguleikum kvenna á vinnumarkaði. Einnig gleymist oft að í tillögum starfshópsins var lagt til að fyrstu 300.000 kr. yrðu óskertar en að svo fáu foreldrar 80% af launum þar til þakinu er náð. Að lækka um 20% í launum er mjög erfitt fyrir lágtekjuhópa ofan á allan þann kostnað sem fylgir því að eignast barn. Því er mikilvægt að halda því til haga að lægstu greiðslurnar verði hækkaðar þannig að fyrstu 300.000 kr. verði óskertar. Bætt fyrirkomulag fæðingarorlofsmála er bæði mikilvægt fyrir jöfnuð og jafnrétti kynjanna.



Brýnt er að heimild til samsköttunar milli hjóna og sambúðarfólks verði felld niður. Það væri gert með það að leiðarljósi að koma í veg fyrir bjagaða hvata, s.s. núverandi hvata til minni atvinnuþátttöku tekjulægri maka vegna samsköttunar. Í kynningu fjármálaráðuneytisins á tillögu til fjármálaáætlunar sem lögð var fram á síðasta ári kom fram að í kringum 93% af þeirri ívilnun af samsköttuninni sem hlýst hækkar ráðstöfunartekjur karla en einungis 7% tilvika hækka ráðstöfunartekjur kvenna.

BSRB er fylgjandi þrepaskiptu tekjuskattkerfi. Reka á skattkerfið og um leið velferðarkerfi landsins með því hugarfari að fólk greiði inn eftir efnum og taki út eftir þörfum. Mikilvægt er að þær breytingar sem fyrirhugað er að gera á skattkerfinu komi helst þeim tekjulægstu til góða.